

# SAMÞYKKT

## um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar.

### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar, hlutverk hennar og verkefni.

##### 1. gr.

###### *Skipan bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar er skipuð níu fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum bæjarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, sbr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

##### 2. gr.

###### *Hlutverk bæjarstjórnar.*

Vestmannaeyjabær er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa bæjarfélagsins.

Bæjarstjórn fer með stjórn Vestmannaeyjabæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna bæjarfélagsins.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það. Bæjarstjórn skal vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa bæjarfélagsins eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

##### 3. gr.

###### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum og leiðbeinandi auglýsingu frá því ráðuneyti sem fer með málefni sveitarfélaga. Þá er bæjarstjórn heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa bæjarfélagsins, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum bæjarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá bæjarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja bæjarstjórn síðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan bæjarfélagsins, ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og annað starfsfólk í æðstu stjórnunarstöður bæjarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi bæjarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi bæjarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald bæjarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar bæjarfélagsins til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum bæjarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem bæjarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 4. gr.

*Ný bæjarstjórn tekur til starfa.*

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða bæjarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

## 5. gr.

*Kjör forseta og varaforseta bæjarstjórnar og skrifara.*

Á fyrsta fundi kýs bæjarstjórn forseta bæjarstjórnar og einn varaforseta.

Njóti forseti eða varaforseti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði.

Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta skal kjósa varaforseta til að gegna störfum forseta í forföllum hans. Kosning varaforseta fer fram með sama hætti og forseta.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og bæjarstjórnar. Skrifarar skulu telja atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

## II. KAFLI

**Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.**

## 6. gr.

*Fundir bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði að jafnaði í samræmi við fundaáætlun fyrir bæjarstjórn, sem bæjarstjórn samþykkir tímanlega fyrir komandi ár hverju sinni. Ef reglubundinn fundur lendir á lögboðnum frídegi færast fundurinn fram um einn dag nema annað sé ákveðið.

Aukafundi skal halda þegar forseti eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis.

## 7. gr.

*Boðun bæjarstjórnarfunda.*

Bæjarstjóri, í samráði við forseta bæjarstjórnar, boðar til bæjarstjórnarfunda, sbr. þó 2. mgr. 4. gr. Fundarboð skal berast bæjarfulltrúum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundarboð skal sent öllum bæjarfulltrúum, aðalfulltrúum og jafnmörgum varafulltrúum, með rafrænum hætti auk dagskrár fundarins. Þó er heimilt að senda á annan veg vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Öll gögn sem nauðsynleg eru til þess að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála

í bæjarstjórn skulu vera aðgengileg bæjarfulltrúum með rafrænum hætti eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

## 8. gr.

*Dagskrá bæjarstjórnarfundar.*

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og helstu stjórnenda bæjarfélagsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum Vestmannaeyjabæjar.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarfulltrúi eða forseti bæjarstjórnar ákveða að taka á dagskrá.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega a.m.k. 54 klukkustundum fyrir fund og í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 föstudag vegna fundar sem halda á mánudag þar á eftir.

Bæjarstjóri getur einnig ákveðið að einstakir liðir í fundargerðum verði teknir inn sem sérstakur dagskrárlíður.

## 9. gr.

*Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar.*

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnar, sbr. 6. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarfélagsins með tryggum hætti, s.s. á vefsíðu Vestmannaeyjabæjar.

Íbúum bæjarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu Vestmannaeyjabæjar um fyrirhugaða fundi bæjarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um bæjarfulltrúa, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Þó er heimilt að senda á annan veg vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

## 10. gr.

*Opnir fundir bæjarstjórnar.*

Fundir bæjarstjórnar skulu vera opnir. Heimilt er þó að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tiltekið starfsfólk bæjarfélagsins sé viðstatt.

## 11. gr.

*Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.*

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

## 12. gr.

*Tvær umræður í bæjarstjórn.*

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnunarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til bæjarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

### 13. gr.

#### *Fundarsköp og ritun fundargerða.*

##### **I. Fundarsköp:**

1. *Fundarstjórn.* Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Forseti bæjarstjórnar sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forfallist forseti stýrir varaforseti fundi bæjarstjórnar. Forfallist bæði forseti og varaforseti fund bæjarstjórnar skal bæjarstjórn kjósa fundarstjóra. Skal þá sá bæjarfulltrúi sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn bera upp tillögur þar um í upphafi fundar áður en gengið er til dagskrár.
2. *Vald forseta bæjarstjórnar.* Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef bæjarfulltrúi ber annað fólk brigsalum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum raskar fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.
3. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema bæjarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.
4. *Málfrelsi bæjarstjóra.* Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.
5. *Málfrelsi.* Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta bæjarstjórnar. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
6. *Ávarp ræðumanns.* Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða. Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.
7. *Hve oft má tala.* Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls í allt að 5 mínútur í fyrra skiptið og allt að þrjár mínútur í seinna skiptið. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn

forseta. Bæjarstjóri og bæjarfulltrúi sem flytur tillögu eða framsögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls. Forseti getur leyft bæjarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.

8. *Ræðutími.* Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Óski bæjarfulltrúi eftir lengri umræðu vegna einstaks máls sem er til umfjöllunar á fundinum, skal hlutadeigandi beina beiðni þess efnis til forseta og skal ræðutími í fyrri umræðu þá lengdur í 15 mínútur og í 5 mínútur við seinni umræðu. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun og ársreikninga bæjarsjóðs og stofnana hans eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar um tímatakmark ræðutíma.
9. *Tillögur og afgreiðsla.* Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frá-vísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
10. *Réttur til bókanar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru. Bókanir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð.
11. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Bæjarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af údrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.
12. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kjörið fara fram eins og við forseta bæjarstjórnar. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Bæjarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

## II. Ritun fundargerða:

Fundargerðir bæjarstjórnar eru skráðar í tölvu. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Um ritun fundargerða bæjarstjórnar skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 22/2013 skv. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fundargerðir bæjarstjórnar skulu birtar á vefsíðu Vestmannaeyjabæjar að fundi loknum enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

## 14. gr.

*Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.*

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarfólks og starfsfólks bæjarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsfólk bæjarfélagsins ekki vanhæft vegna vanhæfi yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis bæjarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarfólki eða starfsfólki bæjarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúar og nefndarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar og nefndarfulltrúar sem jafnframt eru hluti af starfsliði bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa eða taka ákvörðun í tilteknu máli sem lagt er fyrir bæjarstjórn eða nefnd eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin eða nefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við um bæjarstjóra.

Ákvæði 4. mgr. á ekki við þegar bæjarstjórn eða viðkomandi nefnd fjallar um og afgreiðir ársreikninga, fjárhagsáætlanir, skipulagsáætlanir og aðrar almennar áætlanir bæjarfélagsins, enda eigi bæjarfulltrúi eða nefndarfólk ekki sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra við afgreiðslu viðkomandi málefnis.

Bæjarfulltrúi, nefndarfólk eða starfsfólk bæjarfélagsins sem veit hæfi sitt eða annars orka tvímælis skal án tafar vekja athygli forseta bæjarstjórnar, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því.

Bæjarstjórn tekur ákvörðun um hæfi bæjarfulltrúa til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarfólks. Nefndarfólk sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi eða nefndarfólk sem er vanhæft til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

## 15. gr.

*Varafultrúar í bæjarstjórn.*

Varafultrúar taka sæti í þeirri röð sem þeir voru kosnir til bæjarstjórnar eða eftir samkomulagi sem aðilar að sameiginlegum framboðslista hafa komið sér saman um. Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess. Um varafultrúa fer að öðru leyti skv. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

Yfirlýsingu um samkomulag skal leggja fram á fyrsta eða öðrum fundi bæjarstjórnar að loknum sveitarstjórnarkosningum og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

## III. KAFLI

**Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.**

## 16. gr.

*Skyldur bæjarfulltrúa.*

Bæjarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum bæjarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varabæjarfulltrúum er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum bæjarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan bæjarstjórnar jafnlangan tíma eða

lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

#### 17. gr.

##### *Réttur bæjarfulltrúa.*

Bæjarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni bæjarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúar hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum bæjarstjórnar.

Vilji bæjarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

#### 18. gr.

##### *Aðgangur að gögnum.*

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu bæjarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu, stofnunum og starfsfólki bæjarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi bæjarfélagsins og rekstur.

Bæjarfulltrúi skal beina beiðni um aðgang að gögnum til bæjarstjóra sem veitir honum afrit af gögnum, upplýsingum eða öðru aðgengi.

Séu gögn viðamikil eða undanþegin upplýsingarétti almennings er heimilt að ákveða að afhending gagna eða aðgengi að þeim fari fram á bæjarskrifstofu í tiltekinn tíma, en að gögn verði ekki afhent utan bæjarskrifstofu.

Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í bæjarstjórn er skylt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

#### 19. gr.

##### *Siðareglur og góðir starfshættir.*

Bæjarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bæjarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

Siðareglur bæjarstjórnar skulu birtar opinberlega á vefsíðu bæjarfélagsins eða á sambærilegan hátt.

Öllum kjörnum fulltrúum í bæjarstjórn og nefndum og ráðum sem bæjarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

#### 20. gr.

##### *Lausn frá störfum.*

Telji bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við bæjarstjórn:

1. að létta af honum störfum eða
2. að veita honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar bæjarfulltrúi flytur úr bæjarfélaginu um stundarsakir má bæjarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli vikja úr bæjarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í bæjarfélaginu. Slík ákvörðun skal

tekin áður en bæjarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir bæjarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn. Ef bæjarfulltrúi missir fjárforræði skal bæjarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

#### 21. gr.

##### *Boðun varamanna.*

Þegar aðalfulltrúi er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal boða varafulltrúa hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalfulltrúi sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varafulltrúa ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalfulltrúi getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varafulltrúi hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Aðalfulltrúi skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og tilkynna hvaða varafulltrúi sitji fundinn í hans stað. Boðun varafulltrúa skal vera í samræmi við 15. gr. þessarar samþykktar. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalfulltrúi í bæjarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varafulltrúi hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalfulltrúi sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalfulltrúi fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varafulltrúi hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

#### 22. gr.

##### *Þóknun o.fl.*

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Bæjarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

Bæjarfulltrúi getur, vegna starfa sinna í bæjarstjórn, óskað eftir funda- eða vinnuáðstöðu til skemmri tíma á bæjarskrifstofum eða í öðru húsnæði í eigu bæjarins. Skal bæjarfulltrúi bera upp slíka ósk við bæjarstjóra.

#### 23. gr.

##### *Réttindi og skyldur varafulltrúa.*

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa, eiga einnig við um varafulltrúa þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn.

### IV. KAFLI

#### **Bæjarráð.**

#### 24. gr.

##### *Kosning bæjarráðs.*

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalfulltrúa og jafnmarga varafulltrúa í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalfulltrúar og varafulltrúar í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarfulltrúa.

Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.



## 25. gr.

*Fundartími bæjarráðs.*

Bæjarráð skal að jafnaði funda tvisvar í mánuði, að öllu jöfnu í 1. og 3. viku hvers mánaðar.

Formaður bæjarráðs skal leggja fram fundaáætlun bæjarráðs til samþykktar í bæjarráði fyrir næstu 12 mánuði.

Aukafundi skal halda í bæjarráði ef bærarstjóri eða fulltrúi í bæjarráði óskar þess.

## 26. gr.

*Boðun funda bæjarráðs.*

Formaður bæjarráðs undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við bærarstjóra. Bærarstjóri boðar fundi bæjarráðs með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Þó er heimilt að senda á annan veg vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

Geti bæjarráðsfulltrúi ekki sótt fund skal hann tilkynna bærarstjóra um forföll og jafnframt hvaða varafulltrúi sitji fundinn í hans stað. Boðun varafulltrúa skal vera í samræmi við 15. gr. þessarar samþykktar.

## 27. gr.

*Stjórnun bæjarráðs.*

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráðsfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

Skylt er starfsfólki bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað. Heimilt er að boða aðra gesti á fundi bæjarráðs til viðræðna um tiltekin mál.

Framboðslista sem á fulltrúa í bærarstjórn en ekki í bæjarráði, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í bæjarráði. Áheyrnarfulltrúi í bæjarráði skal uppfylla kjörgengisreglur 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Þeir bærarfulltrúar og varabærarfulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama lista og áheyrnarfulltrúi, eru varafulltrúar hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

## 28. gr.

*Verkefni bæjarráðs.*

Bæjarráð fer ásamt bærarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn bæjarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnslu bæjarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bærarstjórn.

Bæjarráð hefur umsjón með verkefnum sem tengjast atvinnumálum, frumkvöðlastarfsemi, samgöngumálum, menningarmálum og markaðs- og ferðamálum. Þá fer bæjarráð með nýtingu þess húsnæðis sem undir það heyrir auk annarra verkefna sem bærarstjórn felur því.

Bæjarráð sér um að ársreikningar bæjarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bærarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Þá fer bæjarráð með yfirumsjón almennra kjaramála og skipar fulltrúa í kjaranefndir.

Bæjarráð gerir tillögur til bærarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar.

Bæjarráð annast gerð kjörskrár vegna kosninga í umboði bærarstjórnar og fjallar um athugasemdir og ágreiningsmál sem upp kunna að koma fram að kjördegi.

Ef mál sem bæjarráð hefur heimild til að afgreiða eru samhljóða samþykkt í bæjarráði hefur bærarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótatkvæði kemur fram í bæjarráði við afgreiðslu máls bíður frekari vinnsla þess afgreiðslu bærarstjórnar.

Meðan bærarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bærarstjórn hefur ella.

Bærarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

## 29. gr.

*Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar og endurupptöku.*

Bæjarráð hefur heimild til fullnaðarákvörðunar um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar bæjarfélagsins, kaup og sölu eigna bæjarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tl. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

## V. KAFLI

**Nefndir, ráð og stjórnir aðrar en bæjarráð.**

## 30. gr.

*Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.*

Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum bæjarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 31. gr.

*Kosning og kjörgengi.*

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir fyrir hluta bæjarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem bæjarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í bæjarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsfólk fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

## 32. gr.

*Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir bæjarráð.

## 33. gr.

*Fundir nefnda og ályktunarhæfi.*

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum, með þátttöku kjörinna fulltrúa og starfsfólki bæjarfélagsins. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Ef fram kemur ósk um að haldinn verði opinn nefndarfundur skal óskinn lögð fram skriflega og í henni koma fram hvaða máli viðkomandi vilja fylgjast með. Óskinni skal komið á framfæri við formann nefndar. Nefndin skal þá taka óskina fyrir og greiða um hana atkvæði.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði II. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

## 34. gr.

*Fundarstjórn og fundargerðir.*

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann og varaformann, enda hafi þeir ekki verið kosnir af bæjarstjórn. Bæjarstjóri boðar fyrsta fund nefndar nema bæjarstjórn hafi þegar kosið formann.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. samþykktar þessarar.

## 35. gr.

*Varafulltrúar nefnda.*

Varafulltrúar taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalfulltrúi í nefnd er forfallaður taka varafulltrúar þess lista sem aðalfulltrúi er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Varafulltrúar taka sæti í þeirri röð sem þeir voru kosnir til bæjarstjórnar eða eftir samkomulagi sem aðilar að sameiginlegum framboðslista hafa komið sér saman um. Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess. Um varafulltrúa fer að öðru leyti skv. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

## 36. gr.

*Boðun varafulltrúa nefnda.*

Um boðun varafulltrúa á nefndarfundum gilda ákvæði 21. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalfulltrúi í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varafulltrúi hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalfulltrúa að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varafulltrúa til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varafulltrúa taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

## 37. gr.

*Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varafulltrúar í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarfulltrúi, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundum nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 bæjarfulltrúa greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

## 38. gr.

*Áheyrnarfulltrúar.*

Heimilt er að boða áheyrnarfulltrúa á fundi nefnda, sbr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarfulltrúa. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

## 39. gr.

*Þóknun.*

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnunum á vegum bæjarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf.

## 40. gr.

*Önnur réttindi og skyldur.*

Nefndarfulltrúum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnunum bæjarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

## 41. gr.

*Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem bæjarfélagið á aðild að.*

Bæjarstjórn kys fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem bæjarfélagið á aðild að samkvæmt lögum eða samþykktum þar um. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kys fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem bæjarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi bæjarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyriræmum bæjarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

## 42. gr.

*Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem bæjarfélagið á aðild að.*

Bæjarstjórn kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:
1. *Bæjarráð.* Þrjá aðalfulltrúa og þrjá til vara, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skal kosið í eftirtalin ráð:
1. *Fjölskyldu- og tómstundaráð.* Fimm aðalfulltrúa og fimm til vara.
  2. *Fræðsluráð.* Fimm aðalfulltrúa og fimm til vara.
  3. *Umhverfis- og skipulagsráð.* Fimm aðalfulltrúa og fimm til vara. Umhverfis- og skipulagsráð fer með fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmda þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaaðili.
  4. *Framkvæmda- og hafnarráð.* Fimm aðalfulltrúa og fimm til vara
  5. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar.* Kjósa skal þrjá aðalfulltrúa og jafnmarga til vara. Kjörstjórn fer með verkefni kjörstjórnar við alþingiskosningar skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og yfirkjörstjórnar við bæjarstjórnarkosningar skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Undirkjörstjórnir: Þrjú aðalfulltrúar og jafnmargir til vara í samræmi við fjölda kjördeilda.
- C. **Tilnefningar í stjórnir og samstarfsnefndir til fjögurra ára:**  
Stjórnir stofnana/verkefna með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsverkefni sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum. Kjörtímabil þeirra er hið sama og bæjarstjórnar nema annað kjörtímabil sé tilgreint í lögum eða samþykktum um viðkomandi verkefni:

1. *Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga*. Aðal- og varafulltrúa, sbr. 3.1. gr. samþykktu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.
2. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Aðal- og varafulltrúa, sbr. 5. gr. samþykktu Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. *Almannavarnanefnd*. Aðal- og varafulltrúa skv. 9. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir, með síðari breytingum.
4. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Aðal- og varafulltrúa skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
5. *Heilbrigðisnefnd Suðurlands*. Aðal- og varafulltrúa skv. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir og samkomulagi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Vestmannaeyjabæjar um fyrirkomulag heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits í Suðurkjördæmi frá 5. janúar 2000.
6. *Skólanefnd Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum*. Aðal- og varafulltrúa skv. 5. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.
7. *Stjórn Náttúrustofu Suðurlands*. Aðal- og varafulltrúa. Þá skal bæjarstjórn skipa formann stjórnar, sbr. 12. gr. laga nr. 60/1992.
8. *Stjórn Stafkirkju*. Aðal- og varafulltrúa, sbr. 4. gr. máldaga um Stafkirkjuna dags. 17. maí 2010.
9. *Öldungaráð*. Skipa skal í öldungaráð á grundvelli 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. 8. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, með síðari breytingum. Skipa skal þrjá fulltrúa og þrjá til vara.
10. *Notendaráð*. Skipa skal í notendaráð á grundvelli 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Skipa skal þrjá fulltrúa og þrjá til vara.

**D. Stjórnir sem skipaðar eru til eins árs.**

1. *Stjórn Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf.* Aðal- og varastjórn skv. samþykktum félagsins.

**E. Verkefnabundnar nefndir:**

Bæjarstjórn og bæjarráð geta skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Bæjarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

**F. Aðrar nefndir sem stofnaðar verða.**

VI. KAFLI

**Bæjarstjóri og annað starfsfólk bæjarfélagsins.**

43. gr.

*Ráðning bæjarstjóra.*

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefni bæjarfélagsins. Bæjarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

44. gr.

*Hlutverk bæjarstjóra.*

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs bæjarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla bæjarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá, boðar til funda og sér um að fundir séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráð og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarráðs og annarra málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarráðs. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykkt bæjarstjórnar þarf til.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Framkvæmdastjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn ákveði annað.

#### 45. gr.

##### *Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.*

Bæjarstjórn ræður starfsfólk í æðstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, þ.e. framkvæmdastjóra fagsviða og veitir þeim lausn frá störfum, nema á annan veg sé mælt í lögum og reglugerðum.

#### 46. gr.

##### *Um ráðningu annars starfsfólks.*

Um ráðningu annars starfsfólks annast framkvæmdastjórar sviða og forstöðufólk stofnana eftir atvikum nema á annan veg sé mælt í lögum og reglugerðum eða eftir reglum sem bæjarstjórn setur.

#### 47. gr.

##### *Framsal bæjarstjórnar til starfsfólks, nefnda og ráða til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðri málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið að fela nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhagslegar skuldbindingar eða teljist veruleg breyting á stefnu bæjarstjórnar.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum er bæjarstjórn heimilt að fela embættismönnum innan stjórnarsýslu Vestmannaeyjabæjar fullnaðarafgreiðslu mála. Skal kveðið á um fullnaðarafgreiðslur embættismanna og nefnda í sérstökum viðaukum við samþykkt þessa.

Starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu, eða þriðjungur hlutaðeigandi nefndar eða ráðs sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu, getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd taki ákvörðun í máli. Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu embættismanna í viðauka við samþykkt þessa, en viðkomandi fagnefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra. Þessi heimild hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsfólks bæjarfélagsins til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu bæjarfélagsins og teljast leiða af stöðu-umboði þeirra.

Þegar bæjarstjórn neytir heimildar samkvæmt 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveðið á um það hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum. Um endurupptöku mála gildir að öðru leyti 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

#### 48. gr.

##### *Þagnarskylda starfsfólks.*

Starfsfólk Vestmannaeyjabæjar og aðrir sem bæjarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

#### 49. gr.

##### *Um starfskjör og réttindi starfsfólks.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsfólks fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga, reglum og samþykktum, mannauðsstefnu, jafnlaunakerfi og jafnréttisstefnu Vestmannaeyjabæjar.

VII. KAFLI  
**Fjármál bæjarfélagsins.**

50. gr.

*Fjárstjórnarvald bæjarstjórnar.*

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál bæjarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. álagningu skatta og gjalda,
6. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

51. gr.

*Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.*

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bæjarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri bæjarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir bæjarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjar-sjóðs og stofnana bæjarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

52. gr.

*Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 50. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu bæjarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu bæjarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

53. gr.

*Fjármálareglur og viðmið um afkomu bæjarfélagsins.*

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að bæjarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerða sem sett eru samkvæmt því ákvæði.

## 54. gr.

*Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.*

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna bæjarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum bæjarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag bæjarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir bæjarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 55. gr.

*Ársreikningur.*

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir bæjarsjóðs og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir bæjarsjóð, þ.e. bæjarsjóður, stofnanir hans og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings bæjarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning bæjarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

## 56. gr.

*Endurskoðun ársreikninga.*

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá bæjarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

## VIII. KAFLI

**Íbúalýðræði.**

## 57. gr.

*Réttur íbúa til að hafa áhrif á stjórn bæjarfélagsins.*

Bæjarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum bæjarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika á að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn bæjarfélagsins og undirbúning stefnumótunar.

Áhrif íbúa má m.a. tryggja með:

1. virkri upplýsingagjöf til íbúa,
2. samráði við íbúa, svo sem á íbúafundum og í íbúakosningum,
3. skipun íbúa- og notendaráða,
4. því að skipuleggja starfsemi bæjarfélagsins eftir staðbundnum forsendum,
5. samstarfi eða annarri aðstoð við íbúa sem vilja vinna að málefnum bæjarfélagsins.

## 58. gr.

*Upplýsingar um málefni bæjarfélagsins.*

Bæjarstjórn skal upplýsa íbúa um áætlanir sem bæjarfélagið hefur til meðferðar og ákvörðunar og varða þá með almennum hætti. Sama gildir um einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir bæjarfélagið. Bæjarstjórn skal leitast við að veita íbúum upplýsingar um áhrif slíkra mála og áætlana á þjónustu bæjarfélagsins til skemmri og lengri tíma, fjárhag þess, umhverfi og markmið.

Bæjarstjórn skal leitast við að upplýsa íbúa um þær leiðir og aðferðir sem notaðar eru við samráð, m.a. við undirbúning mála og áætlana skv. 1. mgr.



## 59. gr.

*Íbúafundir.*

Bæjarstjórn er heimilt að halda fundi með íbúum bæjarins þar sem málefni bæjarstjórnar eru rædd. Til íbúafunda skal boða með auglýsingu eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag, sbr. 105. gr. sveitarstjórnarlaga.

Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram á fundi skal það tiltekið í fundarboði ásamt þeirri tillögu sem greiða á atkvæði um. Telji bæjarstjórn ástæðu til skal útbúa kjörskrá yfir þá sem kosningarrétt eiga í bæjarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna og eru þá aðeins þeir sem eru á kjörskránni atkvæðisbærir á íbúafundi. Að öðrum kosti hafa atkvæðisrétt allir þeir sem til fundarins mæta. Um gerð kjörskrár og auglýsingu gilda ákvæði 4.–7. gr. og 9.–11. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Ályktanir almennra íbúafunda eru ekki bindandi fyrir bæjarstjórn.

Ef minnst 10% af þeim sem kosningarrétt eiga í bæjarfélaginu óska íbúafundar skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er. Framkvæmd íbúafundar fer eftir ákvæðum 105. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 60. gr.

*Atkvæðagreiðsla meðal íbúa.*

Bæjarstjórn getur ákveðið hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa bæjarfélagsins um einstök málefni þess. Til atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. skal boða með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara með opinberri auglýsingu. Samhliða skal bæjarstjórn opinberlega kynna þá tillögu sem borin verður undir atkvæði og þær upplýsingar sem kjósendum eru nauðsynlegar til að geta tekið til hennar upplýsta afstöðu. Rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. eiga þeir sem kosningarrétt eiga í bæjarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Bæjarráð skal gera kjörskrá fyrir atkvæðagreiðsluna, sbr. 7. mgr. 28. gr. samþykktar þessarar. Um gerð hennar og auglýsingu gilda ákvæði 4.–7. gr. og 9.–11. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og atkvæðisréttur jafn. Atkvæðagreiðsla er ráðgefandi nema bæjarstjórn ákveði að hún skuli binda hendur hennar til loka kjörtímabils og skal slík binding þá koma fram í auglýsingu, sbr. 2. mgr. Slíka ákvörðun má binda skilyrði um að tiltekið hlutfall þeirra sem voru á kjörskrá hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Við framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein skal að öðru leyti farið eftir meginreglum laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á.

## 61. gr.

*Krafa um almenna atkvæðagreiðslu.*

Ef þriðjungur af þeim sem kosningarrétt eiga í bæjarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Bæjarstjórn á ákvörðunarvald um framkvæmd kosningar og þá spurningu sem borin verður upp sé um að ræða almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa bæjarfélagsins. Um framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu meðal íbúa bæjarfélagsins ber að fara eftir ákvæði 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Almennrar atkvæðagreiðslu verður ekki krafist um efni fjárhagsáætlunar, um tekjustofna bæjarfélagsins eða álagningu annarra lögheimilaðra gjalda, um ráðningu í störf hjá bæjarfélaginu, um laun og önnur starfskjör bæjarfulltrúa eða starfsfólks bæjarfélagsins eða tillögu sem gengur gegn lögum eða myndi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu bæjarfélagsins. Við mat á því hvort tilskilinn fjöldi hafi lagt fram ósk skv. 1. mgr. skal miðað við þá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna á þeim degi sem söfnun undirskrifta og/eða staðfestinga lýkur samkvæmt kjörskrárstofni sem Þjóðskrá Íslands lætur bæjarfélaginu í té.

IX. KAFLI  
**Viðaukar og gildistaka.**

62. gr.

*Viðaukar.*

Samþykkt þessari fylgja viðaukar I–IV um fullnaðarafgreiðslur í samræmi við 47. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

63. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 561/2013, sbr. samþykkt nr. 334/2014.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. öðlast 1. gr. samþykktarinnar ekki gildi fyrr en að afloknum kosningum árið 2022.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 28. september 2020.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*

VIÐAUKI I  
**Embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa.**

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Vestmannaeyjabæ afgangur án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs og bæjarstjórnar mál, sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefndar, sbr. heimild í 52. gr. samþykktar þessarar og 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

2. gr.

Um afgangur byggingarleyfa gilda ákvæði III. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010. Byggingarfulltrúa er því heimilt, sbr. 1. gr., að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í 13. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 2.4.4. gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Byggingarfulltrúi afgangur og undirritar endurnýjun lóðarleigusamninga án staðfestingar sveitarstjórnar.

Afgangur byggingarfulltrúa skv. 1. mgr. skulu fara fram á formlegum afgangurfundum byggingarfulltrúa og skulu haldnar fundargerðir yfir afgangur hans með sama hætti og gildir um fastanefndir Vestmannaeyjabæjar.

3. gr.

Framangreindar afgangur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

4. gr.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgangur umhverfis- og skipulagsráðs og/eða bæjarstjórnar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu byggingarfulltrúa skal hann vísa málinu til afgangur umhverfis- og skipulagsráðs sem hefur þá fullnaðarafgangur.

## 5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda eftir því sem við á ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykktu og reglna bæjarstjórnar er til þeirra taka.

## 6. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu byggingarfulltrúa skv. 2. gr. eða komi hann á framfæri kvörtun, skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku erindis í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka erindið upp að nýju.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt hans til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt lögum nr. 130/2011, þ. á m. um kærufrest.

## VIÐAUKI II

**Embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.**

## 1. gr.

Sviðsstjóri skipulagssviðs fer með hlutverk skipulagsfulltrúa í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

## 2. gr.

Skipulagsfulltrúi afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010, án staðfestingar bæjarstjórnar, sem eru á verkefnasviði skipulagsráðs, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. gefur út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. laganna fyrir framkvæmdir sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir,
2. afgreiðir tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu. Skipulagsfulltrúa er einnig heimilt að afgreiða tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga,
3. framlengir frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur,
4. stöðvar framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað,
5. framsendir, vísar frá eða synjar erindum sem beint er til skipulagsráðs og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

## 3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsfulltrúa skulu kynntar á næsta reglulega fundi skipulagsráðs.

## 4. gr.

Skipulagsfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til skipulagsráðs til fullnaðarafgreiðslu. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulagsfulltrúa skal skipulagsfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulagsráðs til fullnaðarafgreiðslu.

## 5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa skv. 2. gr. eða komi hann á framfæri kvörtun, skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku erindis í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka erindið upp að nýju.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt hans til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt lögum nr. 130/2011, þ. á m. um kærufrest.

### VIÐAUKI III

#### **Embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra stjórnýslu- og fjármálasviðs.**

##### 1. gr.

Framkvæmdastjóri stjórnýslu- og fjármálasviðs Vestmannaeyjabæjar afgreiðir rekstrarleyfi á grundvelli ákvæða laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Jafnframt afgreiðir framkvæmdastjóri stjórnýslu- og fjármálasviðs beiðnir um launalaus leyfi vegna náms sem óskað er eftir á grundvelli viðmiðunarreglna Sambands íslenskra sveitarfélaga um veitingu launalausra leyfa kennara og skólastjóra í grunn-skólum og viðmiðunarreglna Vestmannaeyjabæjar um veitingu launalausra leyfa starfsfólks Vestmannaeyjabæjar. Auk þess annast framkvæmdastjóri afgreiðslu ýmissa starfstengdra réttinda á grundvelli kjarasamninga, svo sem ákvörðun launa, starfshlutfalls, launabreytingar, 10% skerðingu vinnuskyldu vegna starfsaldurs og aðra starfsþróun með vísan til 46. og 47. gr. samþykktar þessarar, nema slíkt feli í sér verulegar fjárhagslegar skuldbindingar eða teljist veruleg breyting á stefnu bæjarstjórnar, enda ber framkvæmdastjóri ábyrgð á starfsmannamálum bæjarfélagsins, m.ö.o. ráðningarsambandi starfsfólks og bæjarins.

##### 2. gr.

Framangreindar afgreiðslur framkvæmdastjóra stjórnýslu- og fjármálasviðs skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi bæjarráðs.

##### 3. gr.

Framkvæmdastjóri stjórnýslu- og fjármálasviðs getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu framkvæmdastjóra stjórnýslu- og fjármálasviðs skal hann vísa málinu til afgreiðslu bæjarráðs.

##### 4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu framkvæmdastjóra stjórnýslu- og fjármálasviðs skv. 1. gr. eða komi hann á framfæri kvörtun, skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku erindis í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal bæjarráð taka erindið upp að nýju.

### VIÐAUKI IV

#### **Fullnaðarafgreiðslur ráða og nefnda Vestmannaeyjabæjar, án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs.**

##### 1. gr.

##### *Almenn skilyrði valdframsals.*

Um almenn skilyrði til framsals á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála er vísað til 47. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar.

Þriðjungur hlutaðeigandi nefndar eða ráðs sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu, getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn taki ákvörðun í máli, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

##### 2. gr.

##### *Endurupptaka ákvarðana, birting og leiðbeiningar.*

Eftir að nefnd eða ráð hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um

málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs. Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fulln- aðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í viðauka þessum og að öðru leyti gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnarsýslulaga.

## 3. gr.

*Fjölskyldu- og tómstundaráð.*

Fjölskyldu- og tómstundaráð afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eftirtalin mál sem eru á verkefnasviði fjölskyldu- og tómstundaráðs:

1. Umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Vestmannaeyjabæjar um fjárhagsaðstoð (staðfesta afgreiðslur starfsmanna og afgreiða beiðnir um undanþágu frá reglunum).
2. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá reglum Vestmannaeyjabæjar um úthlutun leiguíbúða skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998.
3. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir vegna umsókna um búsetu fyrir fatlað fólk.
4. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir vegna umsókna í íbúðir aldraðra og þjónustuíbúðir fyrir aldraða skv. reglum sveitarfélagsins þar um.
5. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá reglum um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
6. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá reglum um félagslega heimaþjónustu.
7. Aðrar undanþágubeiðnir og/eða áfrýjanir á umsóknum skv. ýmsum reglum, s.s. um lið- veislu, stuðningsfjölskyldur, verktakasamninga, verkfæra- og tækjakaup skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir o.fl.
8. Aðrar afgreiðslur sem heyra undir barnaverndarlög, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, lög um húsnæðismál, lög um jafnan rétt kvenna og karla, lög um málefni aldraðra og aðra þá málaflokka sem heyra undir verksvið nefndarinnar og fjölskyldu- og fræðsluvið Vestmannaeyjabæjar.
9. Styrkveitingar innan ramma fjárhagsáætlunar bæjarins til einstaklinga, félagasamtaka eða annarra lögaðila í þeim málaflokkum sem undir hverja nefnd heyra.
10. Fjölskyldu- og tómstundaráð fer með hlutverk barnaverndarnefndar sveitarfélagsins og vinnur skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 og vinnureglum Vestmannaeyjabæjar í barna- verndarmálum. Nefndin veitir starfsmönnum nefndarinnar umboð til daglegra starfa við barnavernd og getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna sem vinna í umboði nefndarinnar. Meðal ákvarðana nefndarinnar sem ekki verða framseldar til starfsmanna má nefna uppkvaðning hvers kyns úrskurða og ákvarðanir um að höfða dómsmál. Að öðru leyti er vísað til vinnureglna Vestmannaeyjabæjar í barnaverndarmálum, barnaverndarlög nr. 80/2002, reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004 og aðrar reglu- gerðir sem heyra undir barnaverndarstarf í landinu.
11. Veita undanþágu frá reglum um frístundastyrk og skera úr um vafaatriði sem koma upp.
12. Veita undanþágu varðandi akstursþjónustu fatlaðs fólks.
13. Ákvörðun um laun, vinnutímabil og vinnutíma starfsmanna í Vinnuskólanum innan heim- ilda fjárhagsáætlunar.

## 5. gr.

*Framkvæmda- og hafnarráð.*

Framkvæmda- og hafnarráð afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eftirtalin mál sem eru á verkefnasviði ráðsins:

1. Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Vestmannaeyjahafnar með þeim skilyrðum sem fram koma í 3. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 1030/2012.
2. Aðrar ákvarðanir sem framkvæmda- og hafnarráð ber að afgreiða skv. hafnalögum, reglu- gerð fyrir Vestmannaeyjahöfn, lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga.

3. Framvinduskýrslur vegna verklegra framkvæmda á vegum sveitarfélagsins.
  4. Samþykkt tilboða og úthlutun verkefna skv. innkaupareglum Vestmannaeyjabæjar.
- Notendum Vestmannaeyjahafnar er heimilt að skjóta ákvörðun ráðsins, öðrum en gjaldskrár-ákvörðunum, til ráðuneytis samgöngumála.

## 6. gr.

*Fræðsluráð.*

Fræðsluráð afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eftirtalin mál sem eru á verkefnasviði ráðsins:

1. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá reglum um leyfi fyrir grunn- og leikskólavist í öðrum sveitarfélögum.
2. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá reglum um leyfi fyrir grunn- og leikskólavist nemenda í Grunnskóla Vestmannaeyja eða leikskólum í Vestmannaeyjum sem eiga lögheimili utan Vestmannaeyja.
3. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá reglum um leikskólavist.
4. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá ákvörðunum um sérkennslutíma vegna sérkennslu í leik- og grunnskólum og aðra sérþjónustu.
5. Leyfi til daggæslu barna í heimahúsum og hafa jafnframt lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi, þ.m.t. að svipta þá leyfi tímabundið, eins og kveðið er á um í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, sbr. einnig 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.
6. Veita undanþágur varðandi reglur um lengda viðveru.
7. Aðrar afgreiðslur sem heyra undir lög og reglur um grunn- og leikskóla, lengda viðveru eftir skóla og aðra þá málaflokka sem heyra undir verksvið nefndarinnar og fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar.
8. Styrkveitingar innan ramma fjárhagsáætlunar bæjarins til einstaklinga, félagasamtaka eða annarra lögaðila í þeim málaflokkum sem undir hverja nefnd heyra.

## 7. gr.

*Umhverfis- og skipulagsráð.*

Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði umhverfismála ásamt því að fara með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umferðarfræðslu skv. 112. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Umhverfis- og skipulagsráð afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010 án staðfestingar bæjarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða.
2. Ákvörðun um hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nággranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skugga- varp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
3. Afgreiðir tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögu skv. 1. mgr. 42. gr. laganna.
4. Afgreiðsla umsókna um framkvæmdaleyfi skv. 13., 14. og 15. gr. skipulagslaga.
5. Ákvarðanir sem vísa til sveitarstjórnar samkvæmt X. kafla skipulagslaga um þvingunarúrræði og viðurlög, s.s. að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi, sbr. 53. gr. skipulagslaga og ákvarðanir um dagsektir, sbr. 54. gr.
6. Ákvörðun um hvort að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi til samræmis við innkomin erindi með vísan til 38. gr. skipulagslaga.
7. Samþykkt og kynningu lýsingar deiliskipulags samkvæmt ákvæðum, sbr. 1.-3. mgr. 40. gr., skipulagslaga.

8. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi en framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
9. Ákvörðun um heiti á götum, vegum, torgum og hverfum samkvæmt 47. gr. skipulagslaga, að fenginni umsögn nafnanefndar.
10. Ákvörðun um samþykkt á framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. október 2020